

## Björg Thorarensen prófessor

### Auknar valdheimildir öryggisráðsins – Er ráðið alþjóðlegur löggjafi?

- Engin alþjóðleg samþykkt liggur fyrir um að koma á fót stofnun sem fer með vald til að setja ríkjum bindandi alþjóðalög með almennum hætti.
- Sérstakar og afmarkaðar valdheimildir hafa verið veittar öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til þess að varðveita heimsfrið og öryggi þegar „ófriðarhætta“ skapast (39. gr. og önnur ákvæði VII. kafla stofnskrár SP).
- Heimildir til að gefa bindandi fyrirmæli til aðildarríkja um framfylgja refsiaðgerðum eða efnahagsþvingunum á borð við viðskiptabann, til þess að knýja brotlegt ríki til að láta af háttsemi sem ógnar heimsfriði. (41. gr. stofnskrár SP).
- Ríkjum ber tafarlaust að koma fyrirmælum ráðsins í framkvæmd. Hér á landi gilda lög nr. 5/1969 um innleiðingu fyrirmæla þess. Sérstakt skoðunarefni um framsal Alþingis til framkvæmdarvalds við þær aðstæður.
- Skoðun á störfum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eftir 1990 leiðir í ljós að ráðið hefur túlkað verksvið sitt mjög rúmt og beitt mikilvægum valdheimildum með óvæntum hætti.
- Tvíþættar breytingar til skoðunar:
  - Rúm túlkun ráðsins á hugtakinu „ófriðarhætta“. Dæmi um ný svið sem þar falla undir eru innanlandsátök og skipulögð hryðjuverkastarfsemi.
  - Nýjar ráðstafanir sem ráðið gefur fyrirmæli um til að bregðast við ófriðarhættu sem eru eðlisólíkar hefðbundnum þvingunaraðgerðum gegn ríkjum. Ríkjum er nú skipað að breyta landslöggjöf sinni með varanlegum hætti, gera tiltekna háttsemi refsiverða og beina aðgerðum að nafngreindum einstaklingum og fyrirtækjum á svörtum lista sem ráðið gefur út. Sjá einkum ályktun 1373 (2001).
- Málsmeðferð öryggisráðsins og undirnefnda þess við öflun persónuupplýsinga er ógagnsæ og mjög takmörkuð úrræði einstaklinga til að fá skorið úr um lögmæti takmarkana á mannréttindum.
- Spurningar sem vakna um valdheimildir og valdbærni ráðsins í ljósi þeirrar staðreyndar að öryggisráðið hefur í raun tekið sér vald sem alþjóðlegur löggjafi.
  - Hvaðan sprettur ráðinu heimild til að gefa slík fyrirmæli?
  - Réttlætist valdið af neyðarréttarsjónarmiðum og þörf á skilvirkni í alþjóðlegum aðgerðum?
  - Er hið breytta hlutverk ráðsins orðið löghelgað og viðurkennt þar sem ríki hafa fylgt fyrirmælum þess án andmæla?
  - Er alþjóðleg samstaða að baki aðgerðum sem 15 ríki úr hópi 192 aðildarríkjum ákveða þar sem 5 fastafulltrúar með neitunarvald hafa í raun tögl og haldir?
  - Hver endurskoðar valdheimildir og lögmæti aðgerða öryggisráðsins?
- Breytingar á öryggisráðinu og afstaða Íslands
  - Íslensk stjórnvöld þurfa að móta skýra afstöðu til tillagna um breytingar á skipan öryggisráðsins og einnig til þess hvar mörk valdheimilda ráðsins eiga að liggja.